

## Reglur um stuðning við fagfólk í grunnskólum sem fara í réttindanám

1. Umsækjandi skal vera í starfi við grunnskóla Reykjanessbæjar. Umsækjandi þarf að sækja um í samráði við skólastjóra viðkomandi grunnskóla fyrir 1. maí ár hvert.
2. Umsækjandi skal skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og hún liggur fyrir. Grunnskólafulltrúi afgreiðir umsóknir fyrir 1. ágúst.
3. Styrkþegi fær greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundnar námslotur í viðkomandi skólastofnun.
4. Mælst er til að starfs-/vettvangsnám sé stundað við skóla í Reykjanessbæ sé þess kostur og fær starfsmaður greidd laun meðan á því stendur.
5. Að jafnaði skal miðað við að starfsmaður ljúki ekki færri en 10 ECTS einingum á hverri námsönn. Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt skólaár og því þarf að endurnýja umsókn árlega.
6. Mælst er til þess að styrkþegi starfi hjá Reykjanessbæ í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur.

Samþykkt á fundi fræðsluráðs Reykjanessbæjar  
3. apríl 2020

---

Helgi Arnarson  
sviðstjóri fræðslusviðs